

1851. ugt: Eptir þegnlegu frumvarpi alþingis hefur Oss þóknast að skipa
19. maí. fyrir á þessa leið:

Kaupmönnum þeim, sem hafa fasta verzlunarstaði á Íslandi, skal vera heimilt að sigla þaðan á aðra staði á landinu en hin löggildu kauptún, og ekki einungis að flytja þangað vörur þær, er þeir hafa selt landsbúum á verzlunarstöðunum, heldur einnig kaupa þar íslenskar vörur, og selja innbúum korn, steinkol, við, salt, tjöru, járn og hamp.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

24. maí. 7. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um að senda dýralækna til Íslands.

Stiptamtmaðurinn sendi brjef frá nokkrum bændum í Borgarfjarðarsýslu, og er stjórnin þar beðin að hlutast til, að sendur verði dýralæknir til Íslands til að rannsaka, og, ef unnt er, ráða bót á fjársýkinni þar í sýslu, stiptamt. sendir og álitsskjöl sýslumannanna í Gullbringu og Kjósar, Árnes og Rangárvalla sýslum um þetta efni, og stingur upp á, að 2 dýralæknar sje sendir, sem skuli vera eitt ár á Íslandi, annar í Borgarfjarðar sýslu og annar á sýslumótum milli Árnes og Rangárvalla sýslu.

Stjórninni þykir þó ísjárvert að senda þessa dýralækna til Íslands, einkum sökum þess, að svo er að sjá af hinum seinustu skýrslum að fjársýkin sje næstum því hætt, en álitur bezt, ef að fjársýkin skyldi byrja á ný, að fela dr. Hjaltalín, sem áður hefur látið sjer einkar annt um þetta efni, og nú býr í Árnes sýslu, að rannsaka fjársýkina, semja lýsing á henni og skýra frá ráðum þeim, er hann ætlar bezt til að ráða bót á henni, prenta svo ritgjörð þessa og úthluta henni ókeypis; þó vildi stjórnin, ef því yrði við komið, að handritið, snúið á dönsku, yrði sent henni áður en það er prentað, svo að það verði borið undir álit góðra dýralækna í Danmörku.